

LÖG

um

löggilta endurskoðendur,

9

15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal sanna fyrir ráðuneytinu, eða fyrir nefnd, sem atvinnumálaráðherra skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugjörð, sem ráðherra setur.
3. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega endurskoðunarstarfinu.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi missir fjárforræði sitt, eða mannorð hans flekkast, þá hefir hann fyrirgert löggildingunni. En ef hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, fjelög eða einstakir menn löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal að jafnaði hafa til þeirrar skoðunar löggilta endurskoðendur, ef til næst.

9

15. júní

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og ljósta ekki upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið tiltekur nánar verksvið löggiltra endurskoðenda og sker úr, ef deilur verða um gjöld fyrir störf þeirra, ef aðiljar óska, enda verða þá slík mál ekki borin undir dómstólana.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

10

15. júní

LÖG

um

viðauka við og breyting á lögum nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta gera þau mannvirki á Flóaáveituvæðinu, auk skurða og garða, sem nauðsynleg verða að teljast til þess að áveitan komi að fullum notum, og greiðist kostnaður af framkvæmdum þessum á þann hátt, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæð-